

Þriðjudaginn 26. mars 1996.

Nr. 98/1996.

Íslenska ríkið

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Baldri Smára Ólafssyni

Kærumál. Dómarar. Dómarafulltrúi. Þinghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. mars 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1996 um, að Ragnheiður Bragadóttir dómarafulltrúi víki ekki sæti í þinghaldi, sem háð skyldi til að taka við frekari gögnum, leita sátta og ákveða næsta þinghald. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði ómerktur og lagt fyrir Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómara, sem hafði fengið málinu úthlutað frá Friðgeiri Björnssyni dómstjóra, að halda sjálf þinghald í málinu í þessu skyni. Þá krefst sóknaraðili þess, að allir framangreindir dómarar verði áminntir fyrir meðferð sína á málinu.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið gerðar og greinargerð ekki verið skilað.

Friðgeir Björnsson dómstjóri og Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari hafa hvort um sig gert athugasemdir við kæru sóknaraðila.

Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili vitnar einnig til 3. mgr. sama lagaákvæðis.

Ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, lýtur að því, hvort lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. lög nr. 80/1995 um breyting á þeim lögum, svo og lög um meðferð einkamála heimili fulltrúa dómstjóra að halda þinghald í máli, sem dómstjóri hefur úthlutað héraðsdómara til meðferðar.

I.

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði segir, að sérhver héraðsdómari starfi „sjálfstætt

og á eigin ábyrgð að dómstörfum“. Samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins hafa dómstjórar yfirstjórn héraðsdómstólanna með höndum og bera ábyrgð á henni. Þeir fara með fyrirsvar héraðsdómsins út á við og „úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar . . .“

Í 6. gr. aðskilnaðarlaganna eru ákvæði um dómarafulltrúa. Þeim var breytt með lögum nr. 80/1995, og var það gert í kjölfar dóms Hæstaréttar 18. maí 1995, þar sem dregin voru skarpari skil en áður um sjálfstæði dómsvaldsins. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. fyrir breytinguna gat dómsmálaráðherra „löggilt fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir sem dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, fela honum“. Í 2. mgr. 6. gr. sagði: „Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn, ákveður dómstjóri, hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni.“ Í greinargerð með frumvarpi til aðskilnaðarlaganna var sagt, að með þessu orðalagi væri „haft í huga að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa en nú er víðast reyndin“. Í framangreindum hæstaréttardómi er gerð grein fyrir því, að þetta gekk ekki eftir og dómarafulltrúar fóru eftir sem áður með drjúgan hluta dómaraverka í landinu í eigin nafni.

Samkvæmt lögum nr. 80/1995 segir nú í 1. mgr. 6. gr. aðskilnaðarlaganna, að dómsmálaráðherra geti „skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara þar sem eigi er skipaður dómstjóri“. Í 2. mgr. 6. gr. er samkvæmt breytingalögunum mælt fyrir um efnislegt umfang dómstarfa dómarafulltrúa. Áðurgildandi 2. mgr. 6. gr. um heimild dómstjóra til að ákveða starfssvið dómarafulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfaði hverju sinni, var hins vegar felld brott án skýringa. Samsvarandi heimildarákvæði er nú ekki að finna í lögum.

II.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, eins og hún varð með lögum nr. 80/1995, segir:

„Dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, getur falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, eða opinberum málum, frá því að þau koma til

aðalmeðferðar.“ Samkvæmt þessu ákvæði var því ekkert í vegi, að dómstjóri fæli dómarafulltrúa að fara með þinghald sem það, er í málinu greinir.

Í athugasemdum bæði dómstjóra og héraðsdómara kemur fram, að í Héraðsdómi Reykjavíkur hafði sú ákvörðun verið tekin, að frá 1. febrúar 1996 skyldu dómarafulltrúar aðstoða þá héraðsdómara, sem flest einkamál höfðu til meðferðar. Var þetta gert í því skyni að hraða málsmeðferðinni. Dómstjóri fól Ragnheiði Bragadóttur að aðstoða Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómara, og boðaði Ragnheiður umrætt þinghald og hélt það að ósk Kristjönu í því skyni, að frekari gögn yrðu lögð fram, sátta yrði leitað og næsta þinghald ákveðið. Verður ekki séð, að lög hamli, að þessi háttur sé á hafður um meðferð málsins fram að aðalflutningi, enda sé það að samkomulagi dómstjóra og héraðsdómara. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989, sbr. lög nr. 80/1995, framkvæmir dómarafulltrúinn dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra auk þeirrar ábyrgðar, sem hann ber sjálfur á dómaraverkum sínum, sbr. 4. mgr. 8. gr. sömu laga, eins og hún varð með lögum nr. 80/1995. Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Ekki eru efni til að taka til greina kröfur sóknaraðila um að áminna dómarana.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Dómari í héraði, sem fengið hefur mál til meðferðar, er skyldur til að leysa úr því á eigin ábyrgð, og verður það ekki af honum tekið að annars ákvörðun. Þessi skylda dómarsins girðir ekki fyrir, að hann geti falið öðrum dómara að vinna í sinn stað einstök dómaraverk, er málið varða, ef forföll eða annir meina honum í bili að sinna þeim. Getur hann þá leitað til dómstjórans eða fulltrúa, sem honum hefur verið skipaður, eins og annarra dómenda, enda falli verkin innan þess ramma, sem settur er í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/

1989, sbr. lög nr. 80/1995, að því er fulltrúann varðar. Þegar nauðsyn þótti til að heyja það þinghald, sem hér er um deilt, var dómari málsins háður önnur vegna sérstakra aðstæðna, sem að höndum hafði borið við dómstólinn. Verður að líta svo á, að honum hafi að lögum verið heimilt að leita aðstoðar dómstjóra og sjá til þess, að fulltrúa hans yrði falið að annast þinghaldið eins og gert var. Að þessu athuguðu er ég samþykkur atkvæði hæstaréttardómaranna Haralds Henryssonar og Hrafns Bragasonar.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Péturs Kr. Hafstein

Mál þetta varðar í reynd grundvallaratriði um ábyrgð dómara og þar með sjálfstæði dómssvaldsins. Þær breytingar á löggjöf, sem hér skipta máli, eru raktar í I. kafla dómsatkvæðis meiri hluta dómara.

Sá, sem rekur mál fyrir héraðsdómi, verður að geta treyst því, að dómari, sem fengið hefur það til meðferðar á eigin ábyrgð lögum samkvæmt, fari með málið á grundvelli þeirrar ábyrgðar. Hann á ekki að þurfa að hlíta því, að við meðferð málsins taki tímabundið annar dómari eða dómarafulltrúi, sem starfar á ábyrgð annars dómara. Dómstjóri getur ekki að geðþótta sínum tekið mál af þeim dómara, sem fengið hefur það til meðferðar samkvæmt 4. gr. aðskilnaðarlaga. Að réttum lögum getur hvorki dómstjórinn né nokkur annar gengið inn í verk hins sjálfstætt starfandi dómara, sem er bæði rétt og skylt að leysa úr málinu í einu og öllu á eigin ábyrgð. Þar sem dómstjóri getur ekki borið dómaraábyrgð á máli eftir útlutun þess, getur fulltrúi, sem starfar í umboði og á ábyrgð dómstjóra, ekki heldur unnið að málinu á dómþingi, hvorki í eigin nafni né annarra. Samþykki þess dómara, sem með málið á að fara, nægir ekki, þar sem lagagrundvöllur til slíkrar tilhögunar er ekki fyrir hendi. Alþingi hefur fellt úr gildi þá heimild, að dómstjóri geti ákveðið, undir umsjón hvaða héraðsdómara fulltrúi skuli starfa hverju sinni. Við það situr, og geta hvorki fyrri tilhögun né hagkvæmnisrök við rekstur dómstóls, þar sem annir eru miklar, orkað til annarrar niðurstöðu. Ber því þegar af þessari ástæðu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann, Krist-

jönu Jónsdóttur, að taka málið sjálf fyrir til löglegrar meðferðar. Hins vegar þykir málið ekki þannig vaxið, að efni séu til áminningar samkvæmt 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1996.

Í þinghaldi í máli þessu föstudaginn 23. febrúar sl., þar sem ætlunin var að gefa lögmönnum kost á að leggja fram frekari gögn, ef þeim var til að dreifa, eða taka við sátt í málinu, hefði hún náðst á milli aðila, en ákveða síðan að öðrum kosti frest til næstu fyrirtöku málsins, mótmælti lögmaður stefndu því, að fulltrúi dómstjóra tæki málið fyrir, þar sem tvímælis orkaði, að hann væri löghæfur til þess, og vísaði til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995. Jafnframt óskaði lögmaðurinn eftir því, að dómari sá, sem málinu hefði verið úthlutað, tæki það fyrir.

Lögmaður stefnanda tók undir mótmæli lögmanns stefndu, og var málið tekið til úrskurðar um fram kominn mótmæli lögmannanna, en þeir töldu ekki þörf á að tjá sig frekar um þau.

Mótmæli þessi verða ekki skilin öðruvísi en svo, að lögmennirnir telji dómarafulltrúann vanhæfan til þess að fara með þetta fyrirhugaða þinghald í málinu, sbr. tilvitnaða lagagrein hér að framan, og beri því að víkja sæti.

Með bréfi, dagsettu 31. maí 1995, skipaði dómsmálaráðherra undirritaða, Ragnheiði Bragadóttur, til þess að vera fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá þeim degi að telja til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra. Hinn 1. febrúar sl. fól dómstjórinn framangreindum fulltrúa að vera Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómara til aðstoðar við vinnu hennar sem dómara frá þeim degi til 1. júlí nk. Var gert ráð fyrir því, að dómarafulltrúinn gæti framkvæmt einstakar dómsathafnir í samræmi við 6. gr. laga nr. 92/1989, eins og henni var breytt með lögum nr. 80/1995, enda þótt um væri að ræða dómsmál, sem Kristjana hefði fengið úthlutað sérstaklega.

Úthlutun mála, sbr. ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989, er ekki dómsathöfn, en hefur það í för með sér, að þeim dómara, sem máli fær úthlutað, ber skylda til að fara með málið og dæma, telji hann sig ekki vanhæfan til þess. Þetta lagaákvæði og forveri þess, 2. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972, hefur ekki verið skilið svo, að það girði fyrir, að annar dómari en sá, sem málinu hefur fengið úthlutað, geti stýrt þinghöldum í því, ef nauðsyn krefur, og sama máli hefur gegnt um dómarafulltrúa, svo langt sem dómsvald þeirra hefur náð. Þegar 6. gr. laga nr. 92/1989 var breytt með lögum nr. 80/1995, var það gert í því skyni að kveða skýrt á um það, til hverra dómstarfa dómarafulltrúar hafa hæfi. Þau dómstörf, sem umræddur fulltrúi ætlaði að framkvæma í framangreindu þinghaldi, verða að teljast innan þeirrar heimildar,

sem 6. gr. laga nr. 92/1989 hefur að geyma, og víkur hann því ekki sæti í málinu. Ummæli í nefndaráliti með frumvarpi til laga nr. 80/1995 um breytingu á framangreindum lögum þykja styðja niðurstöðu þessa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ragnheiður Bragadóttir dómarafulltrúi víkur ekki sæti við fyrirtöku á málinu nr. E-4359/1995 í því skyni að taka á móti frekari gögnunum eða sátt og ákveða frest til næstu fyrirtöku málsins.
